

## 10. gr.

Stjórnin stýrir málum sjóðsins. Hún ákveður hverja hún telur verða þess að hljóta námsstyrk úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar samþykktir stjórnarinnar og framkvæmdir, svo sem úthlutun styrks, kosningar, fundargerðir, ársreikningar sjóðsins og annað, sem snertir starfsemi hans.

105

11. júlí

## 11. gr.

Stjórnin skal láta birta ársreikning sjóðsins opinberlega á hverju ári, endurskoðaðan af tveimur mönnum, er hreppsnefnd Dalvíkur kýs til þess til þriggja ára í senn. Þeir vinna kauplaust.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 5. júní 1946.

Ingibjörg Baldvinsdóttir. Þorsteinn Jónsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þorbergs Þorleifs-sonar, alþingismanns frá Hólum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. júlí 1946.

106

16. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þorbergs Þorleifssonar, alþingismanns frá Hólum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorbergs Þorleifssonar frá Hólum.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 króna framlagi frá Þorleifi Jónssyni föður hins látna og systkinum Þorbergs sáluga.

## 3. gr.

Heimilt er að auka sjóðinn með tillögum frá félagsheildum og einstökum mönnum.

## 4. gr.

Sjóðnum skal varið til að styrkja og efla trjáræktarstöðina í Hólum, sem Ungmennasambandið Úlfljótur hefur stofnað til minningar um Þorberg.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 3000 kr. má verja  $\frac{3}{4}$  vaxtanna til styrktar trjáræktarstöðinni á þann hátt, er stjórn stöðvarinnar ákveður, en  $\frac{1}{4}$  ársvaxta skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

## 6. gr.

Sjóðurinn er geymdur og ávaxtaður í inulánsdeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á Höfn eða í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, eða í bankavaxtabréfum; þó má lána úr sjóðnum til kaupa á plöntum og fræi til trjáræktarstöðvarinnar með samþykki sjóðstjórnarinnar og gegn tryggingu, eftir samkomulagi við stjórn Úlfljóts.

## 7. gr.

**106** Stjórn sjóðsins skipa: Sá ábúandi á Hólum, sem er nánastur niðji gefandans, 16. júlí Þorleifs Jónssonar. Sé ábúandi Hóla ekki niðji Þorleifs Jónssonar, tilnefnir hreppsnefnd Nesjahrepps einhvern niðja hans, sem heima á í hreppnum, í hans stað. Annar maður valinn af stjórn U. M. S. Úlfljóts og þriðji tilnefndur af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Formaður stjórnar er ábúandi Hóla eða sá, sem kemur í hans stað.

## 8. gr.

Í sambandi við þessa sjóðstofnun láta þeir Þorleifur Jónsson og Hjalti Jónsson, eigendur Hóla, af höndum spildu úr túninu austan fram við Klettinn, sokaallaðan Klettapart, um  $\frac{1}{2}$  ha, undir trjáræktarstöðina endurgjaldslaust. En Úlfljótur tekst á hendur að girða spilduna, hafa á hendi gróðursetningu og aðra vinnu, viðhald girðinga o. fl., enda geti sýslubúar á sínum tíma fengið úr stöðinni plöntur til gróðursetningar heima við bæi o. s. frv.

## 9. gr.

Leggist U.M.S. Úlfljótur niður eða hætti störfum, skal stjórn skógræktarfélags sýslunnar, ef það verður til, skipa mann í stjórn sjóðsins í stað Úlfljóts, ella skipar sýslunefndin manninn í stjórnina.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins semur reikning sjóðsins fyrir hvert almanaksár og skal hann lagður fyrir sýslunefnd til yfirlits og athugunar ár hvert.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í Stjórnartíðindum, eins og reglur mæla fyrir um.

Hólum, 12. ágúst 1944.

Þorleifur Jónsson. Jón Þorleifsson. Haukur Þorleifsson. Páll Þorleifsson.  
Þorbjörg Thorlacius. Anna Þorleifsdóttir. Rósa Þorleifsdóttir.

**107**

7. okt.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

## 1. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 57 1944 verði á þessa leið:  
Fyrningu á olíu- og benzíngeymum og tilheyrandi stöðvum, er byggðir eru á árunum 1946, 1947 og 1948, skal reikna 10% — tíu af hundraði — á ári.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6/1935, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. október 1946.

Pétur Magnússon.

Sigurður Ólason.